

129. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla 19.10.20 kl.14:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jensson, , Elín Heiða Valsdóttir, Matthildur Pálsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Jóna Margrét Sigmarsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ólafur Björnsson (mætti fyrir Auðbjörgu Bjarnadóttur sem boðaði forföll) og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Mjög góð nýting pláss. Öll herbergi í notkun. Mikil breyting hefur verið síðan í sumar á innlagnarástæðum. Við höfum fengið fólk í yngri kantinum sem fá undanþágu vegna aldurs vistunarmat á hjúkrunarheimilum í hvíldarpláss jafnt sem varanleg pláss. Þeir koma mest frá vistunarmatsnefnd Reykjavíkur. Ákveðin áskorun fyrir starfsfólkið þar sem þetta er fólk sem glímur við mismunandi vanda. Hefur þó gengið mjög vel.

Litlar breytingar á ráðningum, vel mannað. Sameining mótuneyta, grunnskóla, leikskóla og Klausturhóla, í vinnslu.

Mikil vinna framundan sem tengist styttingu vinnuvikunnar skv. kjarasamningum.

Eins og er eru allir starfsmenn með húsnæði en það er mikið til tímabundið.

Heilbrigðiseftirlitið kom í heimsókn í haust og kom með allnokkrar athugasemdir. Búið að tengja ljósleiðarann og setja upp magnara svo náist inn á herbergin.

Í sumar "sluppum við út" þegar Covid minnkaði og fórum í bíltúr. Sumir sáu um sig sjálfir og skruppu í ferðir eða í heimahaga. Nú er aftur búið að herða reglurnar vegna Covid, ekki eins mikið um lokanir og sóttvarnarhólf en nú er harðari grímuskylða. Rekstrarnefnd þakkar skýrsluna og þakkar starfsfólki Klausturhóla fyrir árvekni og skjót viðbrögð við breyttum aðstæðum og þrautseigju í því síbreytilega vinnuumhverfi sem þær hafa í för með sér.

2. Rekstrarstaða 9 mánaða yfirlit

Rekstur ekki í jafnvægi. Launakostnaður yfir áætlun og tekjur nokkuð undir áætlun. Helstu ástæður má rekja til Covid-19, þar sem sóttvarnaraðgerðir í fyrstu bylgju kölluðu á aukna mönnun og á sama tíma var ekki full nýting á dvalarrýmum. Formanni nefndar og hjúkrunarforstjóra falið að ræða stöðuna við sveitarstjórn.

3. Staða viðhalds 2020 og viðhaldspörf 2021

Hjúkrunarforstjóri leggur fram forgangsraðaðan viðhaldslista. Sóttvarnir hömluðu nokkuð innanhúss viðhaldi á árinu. Nú er þó viðhaldsteymi sveitarfélagsins að koma inn til að fara í ýmsar úrbætur, m.a. vegna athugasemda úr úttekt Heilbrigðiseftirlits. Til stendur að sækja um í Framkvæmdasjóð aldraðra á næsta ári fyrir endurbætur/viðhald vegna eldvarna og loftræstingar. Unnið verður að 10 ára viðhaldsplani fyrir hjúkrunarheimilið í kjölfarið.

4. Undirbúningur á fjárhagsáætlun 2021, vegna fundar með sveitarstjórn

Formanni nefndar og hjúkrunarforstjóra falið að ræða stöðuna við sveitarstjórn.

Hjúkrunarforstjóra falið að greina launakostnað betur fyrir næsta fund rekstrarnefndar, þann 3.nóvember.

5. Starfsmannamál

Starfsmannamál í jafnvægi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:50